



Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
b.t. Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi 9. apríl 2002  
66/199/SS/ajr

**Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu 564. mál.**

Athugasemd við 9. gr. frumvarpsins.

Læknafélag Íslands leggur áherslu á að til viðbótar ákvæði f. liðar 9. gr. frumvarpsins sem hljóðar svo:

“f. Í stað 1. másl. 8. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo:

Forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss skv. 1. mgr. og framkvæmdastjórar sjúkra húsa skv. 3. mgr. ráða annað starfslíð sjúkrahúsa ríkisins. Heimilt er að ráða þá yfirmenn á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem jafnframt hafa á hendi starf kennara við Háskóla Íslands tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára.”

komi “... að undangenginni auglýsingu á viðkomandi starfi. Þegar um er að ræða stöður lækna / kennara í læknisfræði skal stöðunefnd skv. 31. gr.1. mgr. meta umsækjendur”.

Vart þarf að rökstyðja þessa tillögu Læknafélagsins.

Læknafélag Íslands telur einnig mikilvægt, að læknadeild HÍ eigi aðkomu að yfirstjórn spítalans – stjórnarnefnd og komi þar til álitá, að læknadeildin tilnefni fulltrúa í stjórnarnefndina.

Lagabreytingartillagan skv. þessari grein frumvarpsins tryggir þá í heild aðkomu Læknadeildar Háskóla Íslands að yfirstjórn Landspítala-háskólasjúkrahúss, sem er grundvallaratriði með vísan til hlutverks sjúkrahússins sem háskólasjúkrahúss.

Gerir félagið ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson  
formaður